

Þjóð-Konferens únitara í Bandaríkjunum hélt tuttugasta og annan fund sinn í Chicago 27-30 Sept. síðastl. Konferensinn var stofnaður árið 1864 og heldur fundi sína annað hvort ár. Um 350 fulltrúar víðsvegar úr Bandaríkjunum mættu á fundinum, og mörg mál bæði viðvíkjandi útbreiðslu, skipulagi og únítarískum trúarskoðunum voru rædd. Ennfremur voru fyrirlestrar og erindi um ýms efni flutt af nafnkendum mönnum innan únitara kirkjunnar.

Þegar Ameríska Únítarafélagið var stofnað 1825 voru margir hinna frjálslyndari manna í Boston því móttfallnir að nýr trúarflokkur væri myndaður; jafnvel Channing var því fyrst framman af ekki meðmæltur. En fyrir áhuga nokkurra hinna yngri var samt félagið stofnað.

Það hefir jafnan síðan haft útbreiðslu og sameiginleg fjármál að mestu með höndum. Skömmu síðar kom upp ágreiningur nokkur trúarskoðunum viðvíkjandi. Nokkrir prestar þóttu ganga of langt í frjálslyndis áttina. Íhaldsamari hlutinn réði og lítið var um framtör um all langan tíma. En svo reis upp hreifing, sem endaði með stofnun Þjóð-Konferensins 1864. Á fundum hans hafa trúarskoðanaleg ágreiningsmál verið rædd, en aldrei hafa þau valdið skoðanamun er til hnekkis hefir orðið fyrir félags heildina. Yfirleitt hefir konferensinn hjálpað til að ryðja nýjum skoðunum braut innan kyrkjunnar þegar þess hefir þurft með.

Síðasti fundur virðist hafa verið ágætur, þó ekki væri hann eins vel sóttur og sumir hinna fyrri. Talað var um að breyta nafninu þannig að það innibindi einnig únítaríska söfnuði í Canada, en ekki var gert út um það mál. Vonandi sendum vér íslenzkir únítarar fulltrúa á næsta fund.

MÓTMÆLI GEGN DR. ELIOT

Í október blaði "Sameiningarinnar" eru tvær greinar, þýddar úr enskum orþódoxum kyrkjuritum: "The Lutheran" og "Bibli-